



Aðalfundargerð Skotípróttafélags Kópavogs
Miðvikudaginn 2. mars 2022
Íþróttahúsið Skálaheiði 2 klukkan 19:30
Mættir voru 18 félagsmenn auk stjórnar félagsins

1. Fundarsetning.

Friðrik Goethe formaður setti fundinn

2. Kosning fundarstjóra

Stjórn gerði tillögu að Stefán Eggert Jónsson sem fundarstjóra. Var hann kosinn með lófaklappi.

3. Kosning fundarritara

Stjórn gerði tillögu að Bjarka Þór Kjartanssýni sem fundarritara. Var hann kosinn með lófaklappi.

4. Skýrsla stjórnar

Friðrik nefnir fyrir utan skýrsluna að umræður séu í gangi með samstarf skotípróttafélaga um samvinnu með úti æfingarsvæði.

Farið var yfir eftirmála af dómsmáli sem félagið rak fyrir héraðsdómi 2020. Þar var útskýrt að ástæðan fyrir því að málið tapaðist var að ekki var hægt að sýna fram á fullnægjandi gögn tengd endurteknum brotum á öryggisreglum félagsins og að það sé verið að breyta lögum og verkferlum félagsins til þess að fyrirbyggja að þetta geti farið eins í framtíðinni.

Formaður skýrði einnig frá vinnuhópi sem er að leggja drög að einhvers konar kerfi til þess að úthluta styrkjum til iðkenda innan félagsins sem hyggja á þátttöku í mótum erlendis. Þá sérstaklega til þess að gera styrkina fyrirsjáanlega.

Hugmyndir eru uppi hjá stjórn félagsins um verkferla sem skerpa á reglum um uppáskrift varðandi D-leyfi. Stefnt er að tillögum um einhverskonar námskeið um meðhöndlun á D-Leyfis skyldum byssum ásamt verklegu og bóklegu prófi.

5. Fundarstjóri býður upp á spurningar vegna skýrslu stjórnar

Félagsmaður opnar fyrir umræðu um D-leyfi og spyr hvernig reglugerðinni sé háttað. Fundarstjóri svarar því að reglugerðarbreytingar hafa valdið því að þetta sé opnara en áður og félögin hafa í dag svigrúm að setja starfsreglur hjá sér um framkvæmdina. Félagsmenn eru almennt hlyntir því að hafa þetta í góðum ramma og hvetja stjórnina til að leggja drög að félagsreglum um slíkt og jafnvel að skapa grundvöll að því að samræma þessar reglur innan félaganna.

6. Nefndir gera skil á störfum sínum.

Aganefnd

Stefán gerir grein fyrir henni. Ekkert mál kom inn á borð nefndarinnar á síðasta tímabili sem er gott því félagið vill helst að ekkert komi upp sem þarf að takast á innan aganefndar.

Húsanefnd

Ævar segir að nefndin hefur mikið verið að bíða eftir yfirvofandi framkvæmdum og lítið hefur verið unnið að uppbyggingu þar sem þær eru á næsta leyti.

Ungliðanefnd

Sigurður greindi fundinum frá því að starfið sé í aukningu og nokkrir krakkar mæta reglulega á æfingar í hverri viku. Nokkur fjöldi hefur verið að mæta á opið hús. Starfið hefur enn ekki verið auglýst af neinu viti, sérstaklega vegna þess að plássleysi hamlar því.

Stefnt væri að eflingu ungliðastarfsins á komandi ári. Sigurður og fleiri hyggja á að sækja námskeið í þjálfun hjá ÍSÍ.

Staða á framkvæmdum á húsnæði félagsins

Gunnar deildarstjóri íþróttadeildar hjá Kópavogsbæ kynnti fyrir fundinum stöðuna á framkvæmdum af hálfu bæjarins. Verkefnið fór af stað árið 2021 og var samstarfið gott. Þegar verkið var sett í útboð stoppaði það vegna þess að tilboð frá verk tökum voru langt yfir kostnaðaráætlun. Ósk um leyfi til að setja verkefnið í útboð í minni verkum verður send fyrir bæjarráð Kópavogsbæjar 3. Mars næstkomandi. Stefnt er að vinnuramminn verði sumarið 2022 með áætluð verklok 15. September 2022. Þetta er vissulega áætlun sem getur breyst.

Fundarstjóri spyr um kostnaðaráætlun. Sem Gunnar kynnti fyrir fundinum að væri 80 milljónir

Fundarstjóri spyr um framkvæmdatímamann Er hægt að byrja framkvæmdir 15. Maí í stað 1. Júní. Gunnar tekur vel í það og ætlar að koma því á framfæri við eignadeild bæjarins.

Stjórnarmaður spyr ef að sama staða kemur upp aftur með of há útboð, hvað gerist þá? Verður mögulegt að endurskoða verkefnið og jafnvel flytja aðstöðuna annað? Gunnar segir að slíkt sé ekki í kortunum næstu 3-5 ár en mögulega megi horfa til þess að koma félaginu fyrir í stúku við íþróttavelli í Kórnum sem byrjað er að ræða um. Partur af umræðunni frá hendi félagsins er að þegar búið er að eyða umtalsverðum fjármunum í að laga aðstöðu félagsins verði langur tími þangað til að hægt verður að sækja frekari uppbyggingu frá bænum.

Almenn ánægja var hjá fundarmönnum með framsögu Gunnars og hans svör.

7. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram

Stefán leggur ársreikning til samþykktar fundarins.

Ársreikningur var samþykktur einróma.

Stefán opnaði fyrir umræðu um ársreikning. Nokkur umræða um dómsmálið og lögfræðikostnaðinn sem því fylgdi. Fundarmenn sýndu málinu skilning en fannst þetta súr blóðtaka frá félaginu.

8. Lagabreytingar

Stjórn lagði fyrir fundinn tillögur að breytingum á lögum og reglum félagsins. Sigurður kynnti breytingarnar fyrir fundinum.

Tillaga stjórnar á nýrri 15. grein í öryggisreglum félagsins

15. lið:

„Verði æfingastjóri var við ógætilega meðferð skotmanns á skotvopni eða ef skotmaður hlýðir ekki fyriræmum æfingastjóra skal æfingastjóri veita skotmanni fyrstu aðvörun. Skal hún veitt skriflega og nægir tölvupóstur í því efni. Verði æfingastjóri aftur var við ógætilega meðferð skotvopns og brot á öryggisreglum skal skotmanni veitt önnur skrifleg aðvörun. Komi til þriðju aðvörunar til skotmanns skal æfingastjóri senda stjórn félagsins og aganefnd skriflega tilkynningu þar um. Tölvupóstur nægir í þessu efni og telst skrifleg tilkynning. Skal viðkomandi skotmaður fá sent afrit af þeirri tilkynningu.“

Fundarmenn samþykkja megin hugtak greinarinnar en fela stjórn að umorða þætti er varða tilkynningu til stjórnar og aganefndar við öll brot.

Sigurður kynnr grein tvö í lögum félagsins. Fundarmenn samþykkja tillögu stjórnar

Grein 9. Breytingar samþykktar með öllum greiddum atkvæðum án andmæla

Grein 10. Breytingar samþykktar með öllum greiddum atkvæðum án andmæla

Grein 14. Breytingar samþykktar með öllum greiddum atkvæðum án andmæla

9. Kosning Stjórnar.

Stjórn gefur kost á sér að sitja áfram. Enginn önnur framboð bárust. Stjórn sjálfkjörin

10. Kosning Nefnda

Húsanefnd

Fundarstjóri stakk upp á Ævar, Ómar, Jón Elvar og Birgir skipuðu Húsanefnd.

Var það samþykkt með lófaklappi .

Aganefnd

Fundarstjóri stakk upp á að Stefán Eggertsson, Jón Ingi Kristjánsson og Sigvaldi skipuðu Aganefnd.

Var það samþykkt með lófaklappi.

Æskulýðsnefnd

Fundarstjóri stakk upp á að Sigurður, Sigurveig og Mördur skipuðu Æskulýðsnefnd.

Var það samþykkt með lófaklappi.

11. Skoðunarmenn Reikninga Kosnir

Fundarstjóri stakk upp á að Ólafur Sigvaldsson og Jónas Hafsteinsson yrðu skoðunarmenn reikninga.

Var það samþykkt með lófaklappi.

12. Kosning fulltrúa á þing UMSK og STÍ

Fundarstjóri stakk upp á því að stjórn félagsins myndi eins og á seinasta ári skipa í þau sæti sem við hefðum á komandi STÍ og UMSK þing.

Var það samþykkt einróma

13. Meðlima- og inntökugjald

Fundarstjóri stakk upp á því að gjaldið héldist óbreytt 15.000 á milli ára.

Var það samþykkt einróma.

14. Önnur mál

Hafsteinn brýtur ísinn. Hann vill að félagið hvetji félagsmenn til þátttöku í mótum. Honum finnst að of fáir félagsmenn séu að taka þátt í íþróttamótum og að íþróttahlið félagsins sé að renna út í sandinn. Hann vill fá frekari áherslu á keppnisæfingar innan félagsins, innanfélagsmót. Sigurður svarar fyrir hönd stjórnar að á síðasta aðalfundi var lagt til að setja á laggirnar mótanefnd sem var gert. Hins vegar færðu nokkrir nefndarmenn keppnisrétt sinn yfir í annað félag og rann þessi vinna því út í sandinn. Fundarmenn taka undir að það verði að hvetja féлага til þátttöku í keppni. Hluti af þessu er vissulega að síðustu ár hafa verið sérstök út af COVID og starfsemin aðeins lömuð. Einnig má nefna að öll þjálfunarvinna og umsjón móta er framkvæmd í sjálfböðavinnu. Sigurður vill endilega endurvekja mótanefndina og fundarmenn eru sammála því og hvetur til þess að sett verði á laggirnar skipulögð mótadagskrá fyrir innanfélagsmót sem og kynning á utan félags mótum.

Ævar mælir með því að haldið verði skyndihjálparnámskeið fyrir æfingastjóra. Slíkt var gert fyrir nokkrum árum og vakti mikla lukku.

Einhver umræða var um yfirvofandi breytingar á vopnalögum.

15. Fundarstjóri þakkar fyrir góðan fund.